Ársskýrsla um Fjörubreytingar í Víkur-Fagradals- og Höfðafjöru

ÁGÚST 2023 - ÁGÚST 2024

Jóhannes Marteinn Jóhannesson

Skýrsla unnin fyrir Mýrdalshrepp og LavaConcept Iceland ehf.

Efnisyfirlit

Töflur 1
Gröf 2
Myndir 2
1. Rannsóknaráætlun 6
2. Ölduhæð, sjávarstaða og veðrátta 8
3. Niðurstöður mælinga ágúst 2023 – ágúst 2024 10
3.1. Viðmið um rof í fjörunum 10
3.2. Snið, breidd og rúmmál hvers sniðs 12
3.2.1. Snið 1 16
3.2.2. Snið 2 18
3.2.3. Snið 3 20
3.2.4. Snið 4 22
3.2.5. Snið 5 24
3.2.6. Snið 6 26
3.2.7. Snið 7 28
3.2.8. Snið 8 30
3.2.9. Snið 9 32
3.2.10. Snið 10 34
3.2.11. Snið 11 36
3.3. Breytingar á fjörukambi 38
4. Viðaukar 46
4.1. Viðauki 1 – GPS upplýsingar og kort 46
4.2. Viðauki 2 – RMAP útreikningar á rúmmáli sniða 47
4.3. Þróun fjörunnar frá ágúst 2021 til ágúst 2024 51

Töflur

Tafla 1 sýnir litakóðana fyrir hvern mánuð á mælingaárinu ágúst 2023 – ágúst 2024. 11
Tafla 2 sýnir litakóðana og viðmið hvers kóða. 11
Tafla 3 og Tafla 4 sýna breytingar á breidd sniðanna (B) í metrum og á rúmmáli sniðanna í m/m (R). Breidd sniðanna er reiknuð út í 1 metra hæð yfir sjávarmáli. Merkt er „NA“ þegar mæling var ekki tekin eða ef mæling náði ekki niður í 1 metra yfir sjávarmáli. 12
Tafla 5 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 1 á tímabilinu. 17
Tafla 6 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 2 á tímabilinu. 19

Tafla 7 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 3 á tímabilinu. 21
Tafla 8 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 4 á tímabilinu. 23
Tafla 9 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 5 á tímabilinu. 25
Tafla 10 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 6 á tímabilinu. 27
Tafla 11 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 7 á tímabilinu. 29
Tafla 12 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 8 á tímabilinu. 31
Tafla 13 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 9 á tímabilinu. 33
Tafla 14 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 10 á tímabilinu. 35
Tafla 15 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 11 á tímabilinu. 37
Tafla 16 sýnir samanlagt landbrot við hvert snið. 38
Tafla 17 sýnir heildarflatarmál landbrots eða viðbótar á milli hvers sniðs. 39

Gröf

Graf 1 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 17
Graf 2 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 19
Graf 3 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 21
Graf 4 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 23
Graf 5 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 25
Graf 6 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 27
Graf 7 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 29
Graf 8 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 31
Graf 9 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 33
Graf 10 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 35
Graf 11 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 37

Myndir

Mynd 1 sýnir staðsetningu sniðanna ellefu í Víkur-, Fagradals-, og Höfðafjöru. Gervitungalmynd frá Google. 7
Mynd 2 sýnir staðsetningu 8 sniða við strandlínuna við Vík, ásamt efnistökusvæðum E1 og E21. Gervitungalmynd frá Google. 7

Mynd 3 Sýnir staðsetningu sniðanna þriggja við strandlínuna sunnan við Hjörleifshöfða. Gervitungalmynd frá Google. 8
Mynd 4 sýnir öldurós fyrir mælingaárið 2023-2024 (vinstri) og fyrir mælingarárin 2021-2022 og 2022-2023. Ríkjandi ölduátt á tímabilinu 2023-2024 var suðsuðvestan alda, rétt yfir 30%, en suðaustan alda var einnig algeng eða rétt um 30%. Suðsuðvestan aldan var að jafnaði með hærri ölduhæð, og var nokkuð um háa ölduhæð úr sunnan öldunni einnig. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni. 9
Mynd 5 sýnir öldurós fyrir tímabilið á milli 18. desember til 31. mars á árunum 2020-2021, 2021-2022, 2022-2023, og 2023-2024. Vel má sjá hversu lægri ölduhæðin nú og árið á undan var mun lægri miðað við árin tvö á undan og suðaustan alda mun algengari. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni. 9
Mynd 6 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2023 til ágúst 2024. ásamt umfangi breytinga sniðanna frá ágúst 2021 til ágúst 2023 (gráa svæðið). 13
Mynd 7 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2023 til ágúst 2024, ásamt umfangi breytinga sniðanna frá október 2021 til ágúst 2023 (gráa svæðið). 14
Mynd 8 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 14
Mynd 9 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 15
Mynd 10 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 16
Mynd 11 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 18
Mynd 12 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 20
Mynd 13 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 22
Mynd 14 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 24
Mynd 15 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 26
Mynd 16 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 28
Mynd 17 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 30
Mynd 18 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 32
Mynd 19 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 34
Mynd 20 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. 36
Mynd 21 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 1 og 2. Bleika línan sýnir staðsetningu fjörukambsins við lok mælingaársins 2022-2023 og græna línan sýnir stöðuna í lok mælingaársins 2023-2024. Ekki hefur verið mikil tilfærsla á kambinum á milli mælingaára, en

varnargarður var reistur fyrir framan útihúsin austast á myndinni og útskýrir það tilfærsluna á kambinum þar. 40
Mynd 22 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 2 og 3. Bleika línan sýnir staðsetningu fjörukambsins við lok mælingaársins 2022-2023 og græna línan sýnir stöðuna í lok mælingaársins 2023-2024. Eins og sjá má hefur ekki verið mikil tilfærsla á kambinum á milli mælingaára, en varnargarður var reistur fyrir framan útihúsin vestast á myndinni og útskýrir það tilfærsluna á kambinum þar. 40
Mynd 23 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 3 og 4. Bleika línan sýnir staðsetningu fjörukambsins við lok mælingaársins 2022-2023 og græna línan sýnir stöðuna í lok mælingaársins 2023-2024. Eins og sjá má hefur kamburinn aðeins fært sig framar, en það er aðalega vegna þess að Landgræðslan sáði melgresi þar um vorið og hefur það náð sér ágætlega á strik. 41
Mynd 24 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 4 og 5. Bleika línan sýnir staðsetningu fjörukambsins við lok mælingaársins 2022-2023 og græna línan sýnir stöðuna í lok mælingaársins 2023-2024. Eins og sjá má hefur kamburinn aðeins fært sig framar þar sem Landgræðslan sáði melgresi, en austar á milli sniðanna hefur orðið landbrot á tímabilinu. 41
Mynd 25 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 5 og 6. Bleika línan sýnir staðsetningu fjörukambsins við lok mælingaársins 2022-2023 og græna línan sýnir stöðuna í lok mælingaársins 2023-2024. Eins og sjá má varð töluvert landbrot við snið 5 og austur með því, en hélst stöðugra nær sniði 6. 42
Mynd 26 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 6 og 7. Bleika línan sýnir staðsetningu fjörukambsins við lok mælingaársins 2022-2023 og græna línan sýnir stöðuna í lok mælingaársins 2023-2024. Talsvert landbrot varð við snið 6 á tímabilinu, sérstaklega austan við það, en landbrotið náði ekki alla leið að sniði 7. Nokkuð var um vindrof við snið 7 sem olli lítilli tilfærslu á kambinum (gróðurlínu) þar. 42
Mynd 27 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 7 og 8. Bleika línan sýnir staðsetningu fjörukambsins við lok mælingaársins 2022-2023 og græna línan sýnir stöðuna í lok mælingaársins 2023-2024. Kamburinn hér var nokkuð stöðugur, með lítilsháttar breytingum vegna vindrofs. 43
Mynd 28 sýnir hluta af því svæði milli sniða 3 og 4 þar sem melgresi var sáð. Eins og sjá má hefur melgresið náð sér ágætlega á strik. 43
Mynd 29 sýnir nýja varnargarðinn við snið 2 sem reistur var á mælingaárinu. Mikið af sandi hefur safnast upp að honum að framanverðu og ekki hefur reynt á garðinn enn sem komið er. 44
Mynd 30 sýnir landbrotið sem varð við snið 6 og í fjarska má sjá snið 5. Landbrotið átti sér stað á milli desember og febrúar á mælingaárinu og var þetta eina svæðið í Víkur- og Fagradalsfjöru sem varð fyrir landbroti á tímabilinu. 44
Mynd 31 sýnir hluta af gróðurþekjunni við snið 7 og 8. Þar varð nokkuð rof vegna vinds, en einnig hefur akstur ferðaþjónustuaðila haft neikvæð áhrif á nokkrum stöðum. 45
Mynd 32 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2021 til ágúst 2024. Mælingarnar frá ágúst 2021 – ágúst 2022 eru bláar, ágúst 2022 – ágúst 2023 eru appelsínugular, og ágúst 2023 – 2024 ágúst eru grænar. 53
Mynd 33 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá október 2021 til ágúst 2024. Mælingarnar frá ágúst 2021 – ágúst 2022 eru bláar, ágúst 2022 – ágúst 2023 eru appelsínugular, og ágúst 2023 – 2024 ágúst eru grænar. 54
Mynd 34 sýnir þróunina á rúmmáli sniða 1 - 8 frá ágúst 2021 til ágúst 2024. 54

Mynd 35 sýnir þróunina á rúmmáli sniða 9 - 11 frá október 2021 til ágúst 2024. 55

1. Rannsóknaráætlun

Rannsóknin hófst í ágústmánuði 2021 og mun standa yfir á meðan efnistöku stendur úr námum af hálfu LavaConcept ehf. Markmið rannsóknarinnar er að vakta fjörurnar og rannsaka áhrif efnistöku úr efnisnámum á stöðuleika strandarinnar.


Rannsóknin á strandlínunni stendur saman af eftirfarandi:

1. Mánaðarlegar mælingar á 8 sniðum í fjörunum við fyrirhuguð efnistökusvæði í Víkur- og Fagradalsfjöru (mynd 1 og 2) og þremur sniðum í Höfðafjöru sunnan við Hjörleifshöfða (mynd 1 og 3).
2. Mælingar á sniðum í Víkur- og Fagradalsfjöru fyrir og eftir storma.
3. Athugun á kornastærðardreifingu í fjörunni fari fram samhliða mælingum á sniðunum.
4. Ljósmyndir teknar af myndformum við sniðin og fjörunni lýst.
5. Mæling á stöðu fjörukambsins.


Átta snið voru sett upp í kringum efnistökusvæðin í Víkur- og Fagradalsfjöru (mynd 1 og 2) í ágúst 2021 og 3 til viðbótar sunnan við Hjörleifshöfða (mynd 1 og 3) í október sama ár. Sniðin hafa síðan verið mæld mánaðarlega og fást þá gögn sem hægt er að útfæra yfir styttri og lengri tímabil varðandi breytingar á fjörunni. Sniðin tryggja að fylgst sé með strandlínunni við efnistökusvæðin bæði austan og vestan við þau. Með dreifingu sniðanna næst mynd af ástandi strandlengjunnar við efnistökusvæðin og þá tryggja mánaðarlegar mælingar það að hægt sé að grípa inn í atburðarrásina fljótt ef þess þarf. Þá munu sniðin í Höfðafjöru segja til um stöðuleika fjörunnar þar og hvort efnisflutningar þaðan hafi áhrif á Víkur- og Fagradalsfjöru.

Sniðin sjálf eru mæld með nákvæmu Topcon GPS tæki, en +/- á tækinu eru 0,005 m í lóðrétt (hæð) og 0,008 m í lárétt (fjarlægð). Mælingin fer þannig fram að GPS punktur er tekinn þar sem breyting í halla fjörunnar á sér stað. Með þessum punktum er síðan hægt að búa til yfirborð fjörunnar og út frá þeim upplýsingum má reikna rúmmál og breidd fjörunnar, en þeir útreikningar gefa síðan niðurstöður um hvort að rof og landbrot sé að eiga sér stað við fjöruna eða ekki. Hugtökin rof og landbrot koma oft fyrir í skýrslunni, en rof merkir það að efni sé fjarlægt úr fjörunni af öldu og flyst annað. Rof á sér stað yfirleitt á svæði sem er sífellt á færslu og því er þetta ekki varanlegt rof, þ.e.a.s. alda getur flutt sand þangað aftur og fjaran getur jafnað sig. Landbrot hins vegar er það þegar rof verður á landi sem vanalega er stöðugt og alda flytur að öllu jöfnu ekki sand á það svæði. Slík svæði eru t.d. fjörukambar sem hafa byggst upp á undanförnum áratugum. Fjaran getur því jafnað sig fljótt af rofi, dagar eða vikur, en seint af landbroti, ár eða áratugir.

Í þessari ársskýrslu er mælingaárið ágúst 2023-2024 tekið saman og farið yfir breytingar á fjörunni og fjörukambinum.



Mynd 1 sýnir staðsetningu sniðanna ellefu í Víkur-, Fagradals-, og Höfðafjöru. Gervitungalmynd frá Google.



Mynd 2 sýnir staðsetningu 8 sniða við strandlínuna við Vík, ásamt efnistökusvæðum E1 og E21. Gervitungalmynd frá Google.




Mynd 3 Sýnir staðsetningu sniðanna þriggja við strandlínuna sunnan við Hjörleifshöfða. Gervitungalmynd frá Google.

2. Ölduhæð, sjávarstaða og veðrátta


Ríkjandi ölduátt á mælingaárinu ágúst 2023 – ágúst 2024 var úr suðsuðvestri, rétt yfir 30%, en þar á eftir úr suðaustri, rétt undir 30% (mynd 4). Veturinn var nokkuð stormasamur, sérstaklega úr suðsuðvestri og suðri, en þó mildari en árið áður. Meðalölduhæð á mælingaárinu var 1,6 m, miðgildi ölduhæðar 1,39 m, og hæsta aldan var 5,44 metrar þann 14. desember 2024. Öldufar var svipað og árið á undan og hafa síðustu tvö árin því verið nokkuð mild, miðað við mælingaárið 2021-2022.

Tímabilið desember til mars er yfirleitt stormasamasta tímabilið á hverju ári og urðu nokkrir stormar á því tímabili á þessu mælingaári. Stærstu stormarnir á mælingaárinu urðu 14. desember, 25. til 27. janúar 2024, 2. til 3. febrúar 2024 og 20. til 21. Febrúar.

Stór hluti þess landbrots og rofs sem orðið hefur í fjörunum, hefur átt sér stað á þessu tímabili og spilar tímabilið því lykilhlutverki í þróun strandlínunnar. Á mynd 5 má sjá samanburð síðustu fjögurra ára á ölduhæð og stefnu á tímabilinu 18. desember til 31. mars. Öldufarið síðustu tveggja ára hefur verið mun mildara en tímabilin tvö á undan og hefur líklega haft þau jákvæðu áhrif að fjaran hefur verið mun stöðugri undanfarin tvö ár. Landbrot var tiltölulega lítið á þessu mæliári, og er hugsanlegt að rekja megi stóran hluta landbrotsins sem áframhaldandi þróun frá landbrotinu sem átti sér stað á árinu 2021-2022. Það verður því forvitnilegt að sjá í framtíðinni hvort að svipað öldufar og var á því ári muni leiða af sér jafn mikið landbrot og átti sér stað þá, en einnig hvort að fjaran haldi áfram að vera stöðug á árum sem eru með ríka suðaustan öldu.



Mynd 4 sýnir öldurós fyrir mælingaárið 2023-2024 (vinstri) og fyrir mælingarárin 2021-2022 og 2022-2023. Ríkjandi ölduátt á tímabilinu 2023-2024 var suðsuðvestan alda, rétt yfir 30%, en suðaustan alda var einnig algeng eða rétt um 30%. Suðsuðvestan aldan var að jafnaði með hærri ölduhæð, og var nokkuð um háa ölduhæð úr sunnan öldunni einnig. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni.



Mynd 5 sýnir öldurós fyrir tímabilið á milli 18. desember til 31. mars á árunum 2020-2021, 2021-2022, 2022-2023, og 2023-2024. Vel má sjá hversu lægri ölduhæðin nú og árið á undan var mun lægri miðað við árin tvö á undan og suðaustan alda mun algengari. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni.

3. Niðurstöður mælinga ágúst 2023 – ágúst 2024

Fyrsta mæling á Víkur- og Fagradalsfjöru var gerð þann 20. ágúst 2023 sem og í Höfðafjöru. Síðasta mælingin á fjörunum var síðan gerð þann 25. ágúst 2024 í Víkur- og Fagradalsfjöru og 24. ágúst 2024 í Höfðafjöru.

Þegar mælingar hófust fyrir mælingaárið var staðan á strandlínunni nokkuð mismunandi, sum snið voru í fínum málum á meðan önnur ekki. Öldufar var nokkuð milt yfir árið og sást það vel á fjörunum og voru flest sniðin nokkuð stöðug yfir árið. Nokkuð var um rof yfir vetrarmánuðina, desember til mars, og varð landbrot við þrjú snið yfir árið. Landbrotið við sniðin var ekki stórvægilegt ef miðað er við fyrri ár og er það jákvæð þróun. Einnig var nokkuð um rof og landbrot vegna vinds og lækkuðu nokkur snið vegna þessa. Staðan á sniðunum í lok mælingaársins miðað við í upphaf þess var í flestum tilvikum mun betri og eru fjörurnar almennt í góðum málum.

3.1. Viðmið um rof í fjörunum

Litakóði hefur verið þróaður til að segja til um stöðu fjörunnar og þá hvort að efnistaka þaðan væri æskileg eða ekki. Tíðni storma, sérstaklega suðvestan og suð-suðvestan stormar, er það sem hefur mest um að segja varðandi stöðuleika fjörunnar og geta þeir valdið miklum breytingum á fjörunni sem og landbroti. Það er breidd og hæð fjörunnar sem segir mest til um hvort fjaran geti staðið af sér slíka storma, en efnistaka úr fjörunni getur haft áhrif á þessar tvær breytur, og því æskilegt að efnistaka sé ekki í gangi í fjörunni þegar hún er viðkvæm og hætta á landbroti er fyrir hendi. Slíkar aðstæður eru líklegastar að vera til staðar um hávetur, desember til mars, þegar tíðni storma er há, en geta þó myndast fyrr á árinu eða haldist eftir helsta stormatímabilið.

Litakóðinn skiptist niður í 4 liti, grænn, gulan, rauðan og svartan, og fer það eftir breytingum á rúmmáli og fjörubreidd hvaða lit hvert snið fær. Hægt er að sjá litakóðann fyrir hvert snið við hverja mælingu í töflu 1 og skilgreining fyrir hvern lit má finna í töflu 2.

Til að ákvarða litakóðann við hverja mælingu er rúmmál og breidd fjörunnar reiknað og það borið saman við mælinguna í ágúst hvert mælingaár. Það er gert vegna þess að fjaran hefur verið að hopa síðan um 1970, því er mikilvægt að endursetja kerfið á hverju ári. Það er vegna þess að fjörurnar munu líklega aldrei ná sömu stærð og þær voru í sumarið fyrir stormasaman vetur. Með öðrum orðum, rofið og landbrotið getur orðið það mikið yfir einn stormasaman vetur, að ef kerfið yrði ekki endursett þá yrðir litakóði hvers sniðs ávallt rauður þar sem fjaran mun seint eða aldrei ná að bæta við sig aftur því rúmmáli sem tapaðist.

Tafla 1 sýnir litakóðana fyrir hvern mánuð á mælingaárinu ágúst 2023 – ágúst 2024.

	Snið 1	Snið 2	Snið 3	Snið 4	Snið 5	Snið 6	Snið 7	Snið 8	Snið 9	Snið 10	Snið 11
ágúst											
september											
október											
nóvember											
desember											
janúar											
febrúar											
mars											
apríl											
maí											
júní											
júlí											
ágúst											

Tafla 2 sýnir litakóðana og viðmið hvers kóða.

Fjara stöðug	Staðan á fjörunni er góð. Þegar miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar aukist eða ekki minnkað meira en 250 m/m, og breidd fjöru hefur aukist eða ekki minnkað meira en um 5 metra. Sniðið er hátt og breitt og lítil hætta á landbroti – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar
Tímabundnar sveiflur í stöðuleika	Staðan á fjörunni er ágæt en fer versnandi. Ef miðað er við ágúst mælingu þá hefur rúmmál fjörunnar ekki minnkað meira en 800 m/m og/eða breidd fjöru hefur ekki minnkað meira en 10 metra. Sniðið fer lækkandi og breiddin minnkandi. Ekki mikil hætta á landbroti, en eykst ef þróunin heldur áfram – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar, en ef staðan á fjörunni heldur áfram að versna gæti það breyst
Miklar, langvarandi og/eða endurteknar breytingar	Staðan á fjörunni er slæm. Ef miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar minnkað meira en 800 m/m og breiddin meira en 10 metra. Sniðið hefur lækkað mikið ásamt því að breiddin hefur minnkað, sem veldur hættu á landbroti – efnistaka gæti haft neikvæð áhrif á stöðuleika fjörunnar og æskilegt væri að stöðva efnistöku þangað til sniðið hefur jafnað sig
Landbrot	Landbrot hefur átt sér stað, þ.e.a.s. rof hefur orðið við fjörukamb, sem er meira en 1 metri, og eru enn líkur á að það haldi áfram – stöðva ætti efnistöku þangað til að fjaran hefur jafnað sig

Tafla 3 og Tafla 4 sýna breytingar á breidd sniðanna (B) í metrum og á rúmmáli sniðanna í m/m (R). Breidd sniðanna er reiknuð út í 1 metra hæð yfir sjávarmáli. Merkt er „NA“ þegar mæling var ekki tekin eða ef mæling náði ekki niður í 1 metra yfir sjávarmáli.

	Snið 1		Snið 2		Snið 3		Snið 4		Snið 5		Snið 6		Snið 7		Snið 8	
	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R
ágúst	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0
sept	1,2	-841	-0,7	-324	-1,2	561	-8,7	-414	1,4	297	0,6	576	4,4	99	2,3	417
okt	19,0	342	1,5	-402	2,3	681	-10,3	-658	6,1	508	0,2	299	-0,3	326	-2,5	402
nóv	64,0	2.666	13,3	1.397	5,0	1.514	-10,1	-187	-2,1	-205	-19,3	-1.815	-19,8	-820	7,3	1.069
des	30,3	2.746	13,8	1.749	6,0	1.747	-15,0	583	-3,5	764	-24,6	-625	-13,1	1.691	-61,6	-2.052
jan	22,8	1.913	16,6	1.961	4,8	1.356	-24,0	-872	-3,8	-306	-17,2	-2.122	-37,6	-985	-25,1	-2.240
feb	-5,1	-794	4,7	1.128	-2,4	1.561	-20,7	-45	-15,0	-1.432	-9,6	-52	-24,2	1.993	-19,2	689
mar	0,0	-541	3,3	719	10,4	2.521	-28,6	-1.247	0,3	-705	-13,8	-824	-22,8	1.678	-19,3	581
apr	17,6	1.727	7,6	1.100	14,8	3.340	-15,2	-391	4,9	-485	-1,7	278	-28,4	607	-6,8	1.329
maí	11,6	787	11,9	1.496	18,4	3.575	-23,9	-934	5,7	-424	5,0	250	-31,9	477	-13,0	987
júní	4,3	1.078	14,1	1.772	24,5	3.976	-19,5	778	17,5	462	1,2	729	-26,7	1.960	-12,7	1.185
júlí	-6,4	-1.263	12,8	1.541	20,6	3.732	-21,8	-941	18,8	673	6,9	756	-24,6	1.841	-7,7	1.350
ágúst	-0,7	-816	13,1	1.581	29,6	4.398	-24,2	-1.124	16,1	739	5,2	495	-23,8	1.206	-4,4	1.511

	Snið 9		Snið 10		Snið 11	
	B	R	B	R	B	R
ágúst	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
sept	8,6	634	-0,6	-2.472	-1,2	-545
okt	55,9	2011	42,1	562	40,2	243
nóv	39,6	1032	36,9	679	26,0	-52
des	69,3	2473	19,5	-1.500	45,4	739
jan	74,0	3745	-5,5	-3.926	39,3	285
feb	38,3	2181	31,5	1.301	30,3	981
mar	79,6	5524	13,9	-1.554	30,9	565
apr	74,7	5250	14,9	-1.805	31,5	759
maí	69,3	5173	13,9	-2.147	29,6	732
júní	69,5	5138	22,0	-1.082	41,9	1.743
júlí	58,7	4147	23,6	-999	42,6	1.692
ágúst	66,0	4598	22,0	-1.451	40,6	1.530


3.2. Snið, breidd og rúmmál hvers sniðs

Þrettán mælingar voru gerðar á öllum sniðunum á mælingaárinu, og má sjá mælingarnar í gröfum á mynd 6 og 7. Vegna fjölda mælinga er erfitt að sjá þróun fjörunnar yfir mælingaárið. Til að sjá betur muninn var gert svokallað „envelope of change“ sem hægt væri að útleggja á íslensku sem „umfang breytinga“ yfir mælingaárið og má sjá á myndum 8 og 9. Þar eru teknar saman allar mælingarnar, en í staðinn fyrir að það sé lína fyrir hverja mælingu þá eru toppar og botnar alla mælinganna sameinaðir og breytingarnar sjást því betur. Síðan er bætt við mælingunum í ágúst 2023 og ágúst 2024 til að sjá enn betur breytingarnar yfir árið.


Eins og sjá má á myndum 8 og 9 þá hafa breytingarnar á sniðunum verið nokkuð litlar yfir mælingaárið, ef miðað er við umfang breytinganna sem hafa átt sér stað á fyrstu tveimur mælingaárunum (mynd 6 og 7). Í töflum 1, 3 og 4 má sjá þróunina nánar á öllum sniðunum yfir árið. Þar má sjá að rof í Víkur- og Fagradalsfjöru varð að mestu leyti við snið 4-8, en þau snið urðu öll rauð eða svört að minnsta kosti einu sinni yfir tímabilið. Snið 1-3 voru mun stöðugri, snið 1 varð rautt aðeins einu sinni yfir tímabilið og snið 2 og 3 voru alltaf græn fyrir utan eina mælingu við snið 2. Snið 9 og 11 í Höfðafjöru voru einnig mjög stöðug yfir mælingarárið, en snið 10 varð fyrir nokkru landbroti og var svart fjórum sinnum, en annars grænt eða gult. Lágmarkið í sniðunum var að öllu jöfnu á milli desember og mars, enda öldufar yfirleitt óhagstætt þá, en síðan þá hafa sniðin aðeins byrjað að bæta við sig, misjafnlega þó. Snið 5, 6, og 9, eru enn nokkuð stutt og brött, og því meiri hætta að landbrot verði þar en við önnur snið í framtíðinni.

Til að sjá enn betur þær breytingar sem hafa orðið á fjörunni yfir mælingaárið, er hvert snið skoðað fyrir sig. Tvær breytur voru notaðar til þess að fylgjast með sniðunum, breidd og rúmmál. Breidd fjörunnar við


hvert snið var reiknuð í eins (1) metra hæð í gamla landshæðarkerfinu en rúmmálið í -1 m. Breidd sniða til rúmmálsreikninga var breytilegt eftir sniðum og má sjá í viðauka 2.




Mynd 6 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2023 til ágúst 2024. ásamt umfangi breytinga sniðanna frá ágúst 2021 til ágúst 2023 (gráa svæðið).



Mynd 7 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2023 til ágúst 2024, ásamt umfangi breytinga sniðanna frá október 2021 til ágúst 2023 (gráa svæðið).




Mynd 8 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.



Mynd 9 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.

3.2.1. Snið 1




Mynd 10 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.

Snið 1 var í frekar slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 10), 35,5 m á breidd og með rúmmál upp á 7.574 m/m, en ríkjandi suðsuðvestan alda um sumarið á undan hafði valdið styttingu á sniðinu. Á núverandi mælingaári fór breiddin mest í 99,5 m og rúmmálið í 10.320 m/m í nóvember og desember 2023. Við lok tímabilsins nú í ágúst var sniðið 34,8 m á breidd og með rúmmál upp á 6.758 m/m. Sniðið styttist því um 0,7 m á tímabilinu og rúmmálið minnkaði um 816 m/m. Ekkert landbrot varð við sniðið vegna öldu og bættist nokkuð af sandi fyrir framan fjörukambinn og gekk hann fram um 1,1 m.

Eins og sjá má í töflu 5 og á grafi 1, þá var nokkuð stöðugur vöxtur á sniðinu fram í desember og síðan aftur frá mars til júní, en þar inn á milli varð rof við sniðið. Þróunin á sniðinu er nokkuð jákvæð þar sem sniðið hefur ekki gengið aftur af ráði og verið nokkuð stöðugt, og er það sérstakleg jákvætt að ekkert frekara landbrot hefur átt sér stað. Vöxturinn við snið 1 er háður ríkjandi öldustefnu, en suðvestan aldan veldur rofi á meðan suðaustan veldur uppbyggingu við sniðið, og skýrir það fyrst vöxt við sniðið sem snýst síðan yfir í rof. Snið 1 er því óstöðugasta sniðið í fjörunum og sést það vel á þróun þess.


Tafla 5 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 1 á tímabilinu.

Snið 1	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2023	35,5			7.574		
sept 2023	36,7	1,2	1,2	6.733	-841	-841
október 2023	54,5	19,0	17,8	7.916	342	1.183
nóvember 2023	99,5	64,0	45,0	10.240	2.666	2.324
desember 2023	65,8	30,3	-33,6	10.320	2.746	80
janúar 2024	58,3	22,8	-7,5	9.487	1.913	-833
febrúar 2024	30,4	-5,1	-27,9	6.780	-794	-2.707
mars 2024	35,5	0,0	5,1	7.033	-541	253
apríl 2024	53,1	17,6	17,6	9.301	1.727	2.268
maí 2024	47,1	11,6	-6,0	8.361	787	-940
júní 2024	39,8	4,3	-7,3	8.652	1.078	291
júlí 2024	29,1	-6,4	-10,7	6.311	-1263	-2.341
ágúst 2024	34,8	-0,7	5,7	6.758	-816	447



Graf 1 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.2. Snið 2




Mynd 11 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.

Snið 2 var í ágætis málum í upphafi mælingaársins (mynd 11), en byrjað var á framkvæmdum vegna sjóvarnargarðs við sniðið og því hár sandhóll í miðri fjörunni vegna gryfjunnar sem grafin var fyrir garðinn. Í upphafi mælingaársins var fjaran því 22,1 m á breidd og með rúmmál upp á 6.483 m/m, og var það minnsta breiddin á sniðinu en rúmmálið fór niður í 6.081 í október 2023. Sniðið endaði hins vegar með breidd upp á 35,2 m og rúmmál upp á 8.064 m/m, og jókst því breiddin um 13,1 m og rúmmálið um 1.581 m/m. Eftir að sjóvarnargarðurinn var reistur hefur sniðið verið mjög stöðugt og sjór t.d. aðeins einu sinni náð upp að garðinum. Töluvert af sandi hefur safnast fyrir framan hann og er staðan á sniðinu góð, enda hefur það verið að bæta við sig hægt og bítandi yfir mælingaárið (graf 2).


Tafla 6 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 2 á tímabilinu.

Snið 2	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2023	22,1			6.483		
sept 2023	21,4	-0,7	-0,7	6.159	-324	-324
október 2023	23,7	1,5	2,3	6.081	-402	-78
nóvember 2023	35,4	13,3	11,8	7.880	1.397	1.799
desember 2023	35,9	13,8	0,5	8.232	1.749	352
janúar 2024	38,7	16,6	2,8	8.444	1.961	212
febrúar 2024	26,9	4,7	-11,8	7.611	1.128	-833
mars 2024	25,4	3,3	-1,4	7.202	719	-409
apríl 2024	29,8	7,6	4,3	7.583	1.100	381
maí 2024	34,0	11,9	4,3	7.979	1.496	396
júní 2024	36,3	14,1	2,2	8.255	1.772	276
júlí 2024	35,0	12,8	-1,3	8.024	1.541	-231
ágúst 2024	35,2	13,1	0,3	8.064	1.581	40



Graf 2 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.3. Snið 3




Mynd 12 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.

Snið 3 var í ágætu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 12), 21,1 m á breidd og með rúmmál upp á 9.170 m/m. Breiddin fór minnst í 18,7 m í febrúar 2024 og rúmmálið var lægst í ágúst 2023. Sniðið endaði hins vegar í 50,7 m og með rúmmál upp á 13.568 m/m og breikkaði því um 29,6 m og rúmmálið jókst um 4.398 m/m. Þróunin á sniðinu var því mjög jákvæð og var sniðið að bæta við sig nánast allt mælingaárið (graf 3). Mælingaárið 2022-2023 hafði sniðið orðið fyrir nokkru rofi og var að styttast, en hefur náð sér mikið til baka síðan þá. Eftir landbrotið á mælingaárinu 2021-2022, er enginn eiginlegur fjörukambur við sniðið en Landgræðslan sáði melgresi við sniðið á vormánuðum 2024 og er vonandi að það nái sér á strik.


Tafla 7 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 3 á tímabilinu.

Snið 3	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2023	21,1			9.170		
sept 2023	19,9	-1,2	-1,2	9.731	561	561
október 2023	23,5	2,3	3,5	9.851	681	120
nóvember 2023	26,1	5,0	2,6	10.684	1.514	833
desember 2023	27,1	6,0	1,0	10.917	1.747	233
janúar 2024	26,0	4,8	-1,2	10.526	1.356	-391
febrúar 2024	18,7	-2,4	-7,3	10.731	1.561	205
mars 2024	31,5	10,4	12,8	11.691	2.521	960
apríl 2024	36,0	14,8	4,5	12.510	3.340	819
maí 2024	39,5	18,4	3,5	12.745	3.575	235
júní 2024	45,7	24,5	6,2	13.146	3.976	401
júlí 2024	41,8	20,6	-3,9	12.902	3.732	-244
ágúst 2024	50,7	29,6	8,9	13.568	4.398	666



Graf 3 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.4. Snið 4




Mynd 13 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.

Snið 4 var í nokkuð slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 13), eftir mikið landbroti veturinn 2021-2022. Við upphaf mælingaársins var sniðið 23,6 m á breidd og með rúmmál upp á 15.069 m/m. Breiddin fór minnst í -5,0 m og rúmmálið í 13.822 m/m í mars 2024, en endar í -0,6 m á breidd og rúmmál upp á 13.945 m/m. Sniðið styttist því um 24,2 m á mælingaárinu og rúmmálið minnkaði um 1.124 m/m. Þróunin á sniðinu er því neikvæð og er áhyggjumál hversu mikið sniðið er farið að styttast. Það er hins vegar jákvætt hversu mikið sniðið hefur hækkað mikið um miðbik fjörunnar og hefur sá hluti náð sömu hæð og það var í fyrir landbrotið veturinn 2021-2022.


Tafla 8 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 4 á tímabilinu.

Snið 4	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2023	23,6			15.069		
sept 2023	15,0	-8,7	-8,7	14.655	-414	-414
október 2023	13,3	-10,3	-1,6	14.411	-658	-244
nóvember 2023	13,5	-10,1	0,2	14.882	-187	471
desember 2023	8,6	-15,0	-4,9	15.652	583	770
janúar 2024	-0,4	-24,0	-9,0	14.197	-872	-1.455
febrúar 2024	2,9	-20,7	3,3	15.024	-45	827
mars 2024	-5,0	-28,6	-7,9	13.822	-1.247	-1.202
apríl 2024	8,4	-15,2	13,4	14.678	-391	856
maí 2024	-0,2	-23,9	-8,6	14.135	-934	-543
júní 2024	4,2	-19,5	4,4	15.847	778	1.712
júlí 2024	1,8	-21,8	-2,4	14.128	-941	-1.719
ágúst 2024	-0,6	-24,2	-2,4	13.945	-1.124	-183



Graf 4 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.5. Snið 5




Mynd 14 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.

Snið 5 var í frekar slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 14), eftir töluvert landbrot veturinn á undan. Fjaran við sniðið var 27,2 m á breidd og með rúmmál upp á 7.784 m/m. Breiddin fór minnst í 12,2 m og rúmmálið í 6.352 m/m í febrúar 2024, en endar í 43,2 m á breidd og rúmmál upp á 8.523 m/m. Sniðið lengdist því um 16,1 m á mælingaárinu en rúmmálið jókst um 739 m/m (tafla 11). Þá hélt landbrot við sniðið áfram og var 8,8 metrar yfir tímabilið, og átti mesta landbrotið sér stað á milli mælinganna í janúar og febrúar og tók af fremstu sandölduna. Staðan er því neikvæð að því leiti að landbrot hefur átt sér stað og það og fjaran er enn tiltölulega brött við fjörukambinn, og því líklegt að landbrot haldi áfram við háa sjávarstöðu. Jákvæða er það að rúmmálið hefur jafnað sig að fullu eftir landbrotið og að sniðið hafi bætt við sig í bæði breidd og rúmmáli yfir mælingaárið.


Tafla 9 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 5 á tímabilinu.

Snið 5	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2023	27,2			7.784		
sept 2023	28,6	1,4	1,4	8.081	297	297
október 2023	33,3	6,1	4,7	8.292	508	211
nóvember 2023	25,1	-2,1	-8,2	7.579	-205	-713
desember 2023	23,6	-3,5	-1,4	8.548	764	969
janúar 2024	23,3	-3,8	-0,3	7.478	-306	-1.070
febrúar 2024	12,2	-15,0	-11,2	6.352	-1.432	-1.126
mars 2024	27,4	0,3	15,3	7.079	-705	727
apríl 2024	32,1	4,9	4,7	7.299	-485	220
maí 2024	32,9	5,7	0,8	7.360	-424	61
júní 2024	44,7	17,5	11,8	8.246	462	886
júlí 2024	46,0	18,8	1,3	8.457	673	211
ágúst 2024	43,2	16,1	-2,7	8.523	739	66



Graf 5 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.6. Snið 6




Mynd 15 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.

Snið 6 var í slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 15), eftir landbrot veturinn á undan. Sniðið var 28,6 m á breidd og með rúmmál upp á 6.286 m/m. Breiddin fór minnst í 4,0 m í desember 2023 og rúmmálið í 4.164 m/m í apríl, en endar í 33,8 m á breidd og rúmmál upp á 6.781 m/m. Sniðið lengdist því um 5,2 m á mælingaárinu og rúmmálið jókst um 495 m/m (tafla 12). Nokkuð landbrot varð við sniðið, og sérstaklega austan við það. Landbrotið átti sér stað á milli nóvember og janúar og varð allt að 6,8 metrar. Sandur fór fljótlega að safnast upp við rofabarðið og endaði landbrotið í 2,2 metrum og fjaran sjálf hefur einnig verið að jafna sig hægt og rólega eftir landbrotið (graf 6).


Tafla 10 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 6 á tímabilinu.

